

Ed.

440. Nefndarálit

[178. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaður telur þau áform, sem í frumvarpinu felast, bæði óþörf og óeðlileg og mælir með því að frumvarpið verði fellt. Meiri hl. vill samþykkja frumvarpið.

Á s.l. vori var ríkisfyrirtækið Siglósíld selt Þormóði ramma hf. á leigu, jafnframt því sem fyrirtækið hóf rækjuvinnslu af fullum krafti. Samvinna þessara tveggja fyrirtækja hefur gengið með ágætum, enda byggist rækjuvinnslan að nokkru leyti á aðstöðu og tækjakosti Þormóðs ramma hf. Nú vill ríkisstjórnin rjúfa þessa samvinnu og selja fyrirtækið einkaaðilum og er hálfur eignarhluti hins nýja fyrirtækis í höndum aðila utan Siglufjarðar.

Ljóst er að fyrirtækið er selt með óeðlilegum kjörum, á verði sem er bersýnilega undir raunvirði, útborgun er engin og veð ófullnægjandi.

Best sést hversu óeðlilegt er að sundra samstarfi Siglósíldar og Þormóðs ramma þegar haft er í huga að hinir nýju eigendur setja það að skilyrði fyrir kaupunum að fá áframhaldandi afnot af eignum og tækjum Þormóðs ramma.

Að öðru leyti skal vísað til greinargerðar sem Ragnar Arnalds alþm. og Hannes Baldvinsson stjórnarformaður Siglósíldar sendu iðnaðarráðherra í janúarmánuði s.l. og greinargerðin er birt hér sem fylgiskjal.

Alþingi, 13. mars 1984.

Skúli Alexandersson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 10. janúar 1984.

Hr. iðnaðarráðherra
Sverrir Hermannsson
Iðnaðarráðuneytinu
Reykjavík.

Hinn 19. desember s.l. var alþingismönnum á Norðurlandi vestra afhent frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði ásamt greinargerð og drögum að kaupsamningi milli ríkissjóðs og væntanlegs kaupanda, Sigló hf. Leitað var álits þingmanna kjördæmisins á þessum áformum. Hins vegar var ekki leitað álits stjórnar lagmetisiðjunnar, sem þó er skipuð lögum samkvæmt til að fara með málefni verksmiðjunnar og í eiga sæti m.a. fulltrúar bæjarstjórnar í Siglufirði og starfsmanna fyrirtækisins, og hefur stjórn þess verið algerlega sniðgengin við þessa málsmeðferð.

Við undirritaðir kjósum að senda iðnaðarráðuneytinu sameiginlega álitsgerð, annar sem þingmaður kjördæmisins og hinn sem formaður stjórnar fyrirtækisins, enda höfum við tveir átt náð samstarf til styrktar og stuðnings þessum mikilvæga atvinnurekstri í bænum, eftir því sem færi hefur gefist allt frá því gildandi lög um verksmiðjuna voru undirbúin og sett haustið 1971.

Við viljum strax taka það fram að við erum alls ekki andvígir breytingum á rekstri verksmiðjunnar eða lögum þeim sem um hana fjalla. Við höfum einmitt beitt okkur fyrir stórfelldum breytingum á rekstri verksmiðjunnar á liðnu ári þegar Þormóði ramma hf. var

leigð verksmiðjan og að því var stefnt í leigusamningi að fyrirtækin yrðu sameinuð með formlegum hætti á því ári sem nú er hafið. Þessi breyting virðist ætla að skila ágætum árangri og hefðu breytingar á lögum um fyrirtækið verið edlilegt framhald af þeim skrefum sem þegar höfðu verið stigin til að endurskipuleggja rekstur og fjármál fyrirtækisins. Enginn vafi er á því að samvinna lagmetisiðjunnar og Þormóðs ramma reyndist mjög vel og var ekki síst til að styrkja rekstur Þormóðs ramma.

Við erum hins vegar algerlega andvígir þeim áformum sem nú eru uppi um að slíta í sundur þau tengsl sem sköpuð hafa verið milli Siglósíldar og Þormóðs ramma og eyðileggja þann árangur sem náðst hefur í samrekstri þessara fyrirtækja með því að selja Siglósíld nokkrum einkaaðilum.

Í fyrsta lagi teljum við þessa skipulagsbreytingu óþarfa þar sem ekkert knýr á um að Siglósíld verði rifin út úr samrekstri með Þormóði ramma sem um hafði verið samið og reynst hafði vel. Reyndar svo vel að væntanlegir kaupendur gera það að ófrávikjanlegu skilyrði í kaupsamningi að fá aðstöðu hjá Þormóði ramma og afnot af eignum hans.

Í öðru lagi teljum við nokkra áhættu felast í því fyrir Siglufjörð að fyrirtækið verði selt í hendur aðilum sem að hálfu leyti starfa utan bæjarins, nema ótvíræð trygging sé gefin fyrir því að rekstri fyrirtækisins verði haldið í fullum gangi á næstu árum, jafnvel þótt eitthvað fari úrskaiðis í áætlunum nýrra eigenda og hagnaðarvonir rætist ekki fyrst um sinn. Ekki er að sjá að nýir eigendur skuldbindi sig á viðhlítandi hátt til að halda uppi rekstri á komandi árum, ef það hentar þeim ekki, og eru ákvæði um þetta efni í kaupsamningi mjög ófullnægjandi.

Í þriðja lagi er ljóst að kaupverð fyrirtækisins er í engu samræmi við verðmæti eignanna. Menn, sem fjölluðu um verðmæti eigna fyrirtækisins í haust, töldu að lágmarksverð eigna væri a.m.k. 24 millj. kr. en umsamið verð er 18 millj. kr. Útborgun er engin þótt núverandi fjármálaráðherra hafi í haust sett það skilyrði að a.m.k. fimmti hluti kaupverðs yrði almennt greiddur út við sölu ríkisfyrirtækja. Kaupendur setja aðeins 25% tryggingu fyrir greiðslu en að öðru leyti er veð tekið í því sem þeir kaupa. Ljóst er því að kaupendur hætta litlu öðru en hlutfé. Hitt er vitað, eftir reynsluna frá því í sumar þegar rækjuvinnslan stóð sem hæst og fyrirtækið velti um 10 millj. kr. á hverjum mánuði, að Siglósíld getur skilað miklum hagnaði á skömmum tíma ef vel gengur. Fáum er þetta betur ljóst en einmitt framkvæmdastjóra Þormóðs ramma, Sæmundi Árelússyni, eða vélstjóra Siglósíldar, Guðmundi Skarphéðinssyni, svo og sparisjóðsstjóranum, Birni Jónassyni, sem gjörþekkir fjármál Siglósíldar, en þessir þrír menn hafa lagt fram 40% hlutfjár. Okkur þykir það einkennileg meðferð á sameiginlegum fjármunum landsmanna að selja fyrirtæki, sem búið er að endurskipuleggja og gengur ágætlega, til manna sem ekki greiða raunvirði fyrir það sem þeir eignast og hvorki greiða hæfilega útborgun né veita venjulega tryggingu fyrir greiðslu kaupverðs.

Í fjórða lagi verður ekki hjá því komist að átelja harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við meðferð þessa máls. Þegar ákveðið er að selja fyrirtækið öðrum en þeim, sem veittur hefur verið forkaupsréttur, er ekki svo mikið sem leitað ráða hjá löglega skipaðri stjórn fyrirtækisins eða hjá bæjarstjórn Siglufjarðar sem átt hefur fulltrúa í stjórn undanfarin 12 ár. Ekki er heldur gerð tilraun til að kalla þá til þátttöku sem hugsanlega hefðu viljað tryggja að heimamenn ættu meiri hluta hlutfjár í því fyrirtæki sem tekur við rekstrinum. Svo er að sjá að hinir nýju eigendur hafi fengið að ráða kaupverðinu sjálfir.

Þessar fjórar ástæður, sem við höfum hér nefnt, teljum við hverja og eina næga röksemd fyrir því að hafna beri því frumvarpi um sölu lagmetisiðjunnar Siglósíld sem undirbúið hefur verið.

Ragnar Arnalds.

Hannes Baldvinsson.